



Velferðarvaktin

Verkefni : Félagsvinir atvinnuleitenda

Styrkþegi: Rauði kross Íslands

Samantekt

Verkefnið félagsvinir atvinnuleitenda var sett á laggirnar sem tilraunaverkefni til sex mánaða með möguleika á útvíkkun ef vel gengi. Rauði kross Íslands vann verkefnið í samstarfi við Eflingu, Iðuna fræðslusetur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðsluskrifstofu rafiðnar, Mími símenntun og Vinnumálastofnun. Verkefnið hefur það markmið að virkja og styrkja atvinnuleitendur í starfsleit sinni. Það er meðal annars gert með því að auka aðgengi þeirra að upplýsingum um öll þau úrræði sem eru í boði fyrir atvinnuleitendur. Markmiðin fyrir þátttakendur verkefnisins eru: Hjálp til sjálfshjálpar, vinna gegn niðurbroti, stækka tengslanet og auka möguleika til starfa. Verkefnið byggir á jafningjafræðslu, þeir sem veita leiðsögnina eru sjálfir atvinnuleitendur en hafa fengið fræðslu og þjálfun hjá samstarfsaðilum verkefnisins til þess að styðja og leiðbeina fólki í sömu stöðu. Ákveðið var að taka inn 17 pör félagsvina í verkefnið. Hvert samband varir í þrjá mánuði og áætlað er að félagsvinir hittist einu sinni í viku.

Niðurstöður sýna að félagsvinapör sem hafa sett sér skýran ramma og markmið með sambandinu hafa gengið best. Komið hefur í ljós að undirbúningur þátttakenda skiptir höfuðmáli svo sambandið verði farsælt. Verkefnið er talið mjög gagnlegt fyrir atvinnuleitendur og er stefnan tekin á að taka um 180 einstaklinga í verkefnið á næsta 12 mánuðum.

Project: Mentor Project for unemployed

Grantee: Icelandic Red Cross

Abstract

Mentor Project for the unemployed was created as an experimental project for six months with potential extension. The Icelandic Red Cross supporting parties for this project is Efling (labor union), Iðan fræðslusetur (IDAN Vocational and training Center), Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (Education and Training Service Centre), Fræðsluskrifstofu rafiðnar (Education Council for Electric and Electronic), Mímir-símenntun (Mímir-Lifelong Learning Center) and Vinnumálastofnun (Directorate of Labour). This project has the goal to activate and support unemployed by maximize their accessibility to information about resources for unemployed. The goal for participants are: Self-help, work against cave-in, extend contact net and increase work potential. This project is peer mentoring, the people that provide guidance are also unemployed but have attended seminar. 17 mentors and 17 mentees were in the first group, each relation last for 3 months and participants get together once a week.

The conclusion after the first group is that mentors and mentees that had clear vision and goal for their relation were successful. Being well prepared is important for successful connection between mentors and mentees. This project is very beneficial for the unemployed, the aim for one year is to take 180 individual into this project.